

Atvinnuveganefnd Alþingis.

Reykjavík, 20.apríl 2015.

Ég vil gera grein fyrir hversvegna ég fer fram á að fá jafnan aðgang að auðlind rafmagns til húshitunar sumarhúsa eins og gert er ráð fyrir í breytingum á lögum nr. 98/2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku með síðari breytingum (jöfnunargjald).

Ég hef eins og ýmsir aðilar vita, er tengjast raforkumálum á Íslandi, barist hart síðustu 6 ár fyrir breytingum til hagsbóta fyrir almenning á köldum svæðum. Ekki eingöngu sumarhúsaeigenda heldur landsmanna allra, þar með talið barátta um jöfnun kostnaðar dreifingar milli þéttbýlis og dreifbýlis og er það vel að það sé komið í höfn, eftir svo langa baráttu mína við kerfið allt, Ráðuneyti, Samkeppniseftirlit, Orkustofnun, Landsvirkjun, Rarik og tengda hagsmunaaðila í Háskóla Íslands, Samtökum iðnaðarins og Samtökum Atvinnulífs. Þau tvö síðastnefndu samtök eru líkleg til að fá háar fjárhæðir greiddar frá stóriðjufyrirtækjum, sem félagsgjöld, en ekki fæst uppgefið hve háar fjárhæðir það eru.

Ég hef kært forstjóra OR til lögeglustjóra í Reykjavík og einnig stjórn OR. Ég hef kært fyrrverandi borgarstjóra og núverandi, síðan alla þessa aðila tvisvar til ríkissaksóknara. Einnig hef ég kært starfsmann ráðuneytis orkumála til umboðsmanns Alþingis og tvo starfsmenn Orkustofunnar.

Ég vil taka fram að ég fékk svör að lokum frá ráðuneyti orkumála er dugði. Spurningin var einföld, ég vildi fá samanburð á verði til almennings í smásölu fyrir allt landið, rafmagnssölu, dreifingu og flutning rafmagns og kostnað við mæla. Spurningin var tvíþætt, annarsvegar heildarverð á rafmagni til almennings og íslenskra fyrirtækja um notkun í krónum og prósentum, og hins vegar stóriðjan í krónum og prósentum.

Ég hef í dag efni í bók, er tengist rafmagnssöllumálum, kannski kemur hún einhvern tíman út og sýnir greinilega ranga forgangsröðun ráðamanna áratugum saman um niðurgreiðslur almennings til stóriðjunnar.

Ég vil lýsa í stuttu máli skoðun minni hvernig að stóriðjustefnu er staðið og er farið að rýra lífskjör almennings verulega vegna skuldsetningar Landsvirkjunar, Landsnets og OR. Skuldirnar eru líklega um 600 milljarðar króna og eru talsvert meiri en nemur verðmæti allra virkjana á Íslandi.

Tekjur Landsvirkjunar og OR eru 42 milljarðar árlega af stóriðju og hún notar um 80% af allri framleiðslu rafmagns hérlendis. Íslensk fyrirtæki og almenningur notar ca. 18% og greiðir fyrir rafmagn 33 milljarða.

Ég vil fara aðeins yfir það helsta í virkjunarmálum undanfarin 15 ár. Byrjum á undirbúningi kísilvers á Bakka, sem er það nýjasta og skrautlegasta. Samið er um niðurfellingu á tekjuskatti til 13 ára, niðurfellingu á tryggingagjaldi sömuleiðis, sá kostnaður liggur ekki fyrir fyrr en eftir 13 ár. Í minnisblaði Landsvirkjunar 11/2 2013 er áætlaður kostnaður vegna virkjunar og línulagna á Þeistareykjum 20 milljarðar.

Í dag 20.apríl 2015 er búið að semja um byggingu virkjunarhús á kr. 25 milljarða og línulögn frá Þeistareykjum að Bakka, óljóst hver greiðir þann kostnað, ríkið eða verksmiðjueigendur. Einnig hefur Landsvirkjun fjárfest í Þeistareykjum ehf. og á eftir kaupin 96,7%. Ekki veit ég hvað þar er um háar fjárhæðir að tefla. Vegalagnir, hafnarmannvirki og jarðgöng er ótilgreindur kostnaður og skipta líklega tuga milljörðum þegar upp er staðið. Rafmagnsverð er samið fast til 25 ára og er líklega rúmar 4 krónur á kilovattstund.

Tilsipun 90/377 EBE um starfsreglur bandalagsins til að auka gegnsæi verðlagningar á rafmagni til notenda í atvinnuskyni felld brott með tilskipun 2008/92 EB. Undanþágur til Íslendinga svo hægt sé að pukrast með rafmagnsverð hérlendis?

Ég er nokkuð viss um það að þegar upp er staðið og allur kostnaður mældur og vegin eftir 13 ár, þar með talin fjármagnskostnaður ríkis og sveitarfélaga, verði kostnaður af þessari framkvæmd ekki undir 100 milljörðum. Tekjur af rafmagnssölu líklega einu tekjurnar, kr. 2-3 milljarðar árlega. Niðurgreiðslurnar á hvert starf á Bakka kr. 1000 milljónir ef gert er ráð fyrir 100 manns í vinnu í kísilveri á Bakka.

Allt þetta ferli er lánadrifið og gengur auðvitað ekki upp, hvernig sem á það er litið.

Kárahnjúkavirkjun, um hana er hægt að segja í stuttu máli að eftir 15 ár hefur komið í ljós, að Alkoa hefur ekki greitt tekjuskatt allan þennan tíma. Ég skil auðvitað ekki hversvegna Skattrannsóknarstjóri hefur ekki skoðað fyrirtækið, einnig er mengun mikil í Reyðarfirði. Augljóst er að ótímabær dauðsföll verða á svæðinu vegna mengunar í framtíðinni. Verksmiðjan er helst til innilokuð af fjöllum. Að veita affalli í Lagarfljót eru ótrúleg náttúruspjöll og ekki get ég skilið slíka grimmd gegn okkar fagra landi. Í mínum huga var fyrirsjáanleg stórfelld landeyðing á bökkum Lagarfljóts.

Landsvirkjun skuldar líklega alla fjárfestinguna enn, eftir 15 ár. Rafmagnssalan dugar ekki fyrir vaxtagreiðslum af lánum.

Orkuveita Reykjavíkur er að virkja á Hellisheiði, umdeildar virkjanir af ýmsum ástæðum. Ég vil fyrst nefna að OR er þjónustufyrirtæki að mestu í eign Reykvíkinga. Það sem undrar mig er að virkjunarframkvæmdir fyrir Norðurál kostar hundruði milljarða og 5-6 milljarðar eru í tekjur á móti af stóriðjunni. Þegar ekið er um Hellisheiði og horft yfir svæðið sést vel hvað línulagnir eru ljótar í umhverfinu. Hellisheiði er ótrúlega falleg, en svo vel hefur mönnum tekist að eyðileggja heiðina, að til skammar er.


Óbreyttir viðskiptamenn OR þurfa að greiða vitleysuna niður, svo hægt sé að halda ruglinu áfram. Þar eiga að gilda lög um þjónustugjöld, en þar segir að ekki megi fara fram á hærri greiðslur fyrir þjónustuna, en sem nemur kostnaði við framkvæmdina + fjármagnskostnað. Þannig að stóriðjuframkvæmdir eiga að vera sjálfstæð framkvæmdaeining og í sér bókhaldi, aðskilið frá almenningi og íslenskum fyrirtækjum.

Ég hef haft samband við yfirmann hjá RÚV og vonast ég til að þeir taki umræðu um hversvegna Íslendingar hafi ekki tekið upp varnir, sem OECD biður um að verði innleiddar á Íslandi, er varða mútur og peningaþvætti. Í þessu samtali okkar lýsti ég áhyggjum mínum að öll skilyrði væru fyrir hendi um að slíkt væri stundað hér. Fréttamaður RÚV sagði mér frá fundinum í Háskólabíó, varðandi aðgang almennings að auðlindum og sanngjarnan aðgang að þeim. Mín hugleiðing um hugsanlegar mútur og peningaþvætti gæti passað inn í þá umræðu.

Ég tel undanþáguhagsmuni í rafmagnssölu til stóriðju stórhættulega og skapa tortryggni, sérstaklega þegar landsmenn eru að brotna undan okrinu á rafmagni til húshitunar. Svo sterkt vil ég taka til orða um framkomu ráðamanna gangvart neytendum, er kynda á köldum svæðum að þeir hafi ekki gætt að því að jafnræði ríki milli **allra** aðila.

Ég hef lengi haft þá skoðun að ójafnvægi í náttúrunni og meðal okkar manna, er uppsprettta haturs og óánægju og verður að leiðrétta. Ef við leiðréttum það ekki sjálf, þ.e.a.s mannfólkið, hver þá.

Virðingarfyllt,



Rúnar Lárusson,
Haukdælabraut 96,
113 Reykjavík.